

7 – Hinsegin konur í kvennahreyfingunni



Sjá einnig fletturarnar [Kvennahreyfingin](#), [Rómantík og tilfinningar](#), [Lífsförunautar](#) og [Þagnir í heimildum á vefnum Huldukonur.is](#)



Kvennahreyfingin svonefnda, sem barðist fyrir réttindum kvenna, var afar öflug við upphaf 20. aldar. Innan hennar unnu konur náið saman að verkefnum sem tengdust þeim sjálfum og öðrum konum. Einnig var það eitt af markmiðum hreyfingarinnar að ræða nýjar hugmyndir um kvenleika og leiðir kvenna til að lifa og elska. Því kemur ekki á óvart að innan kvennahreyfingarinnar voru konur sem áttu í tilfinningalegum og kynferðislegum samböndum hver við aðra. Sumar þeirra bjuggu jafnvel saman í áratugi. Kvennahreyfingin var því eitt af þeim rýmum þar sem konur höfðu meiri möguleika á að tjá hinsegin kynverund en víða annars staðar (sjá einnig **3. kafla: Sjókonur**).

Hér skiptir máli að yfirleitt bjuggu talsvert fleiri konur en karlar í þéttbýlisstöðum í Evrópu og Norður-Ameríku á þessum tíma. Það átti líka við um Ísland. Ógiftar konur voru því fremur stór samfélags-hópur og það efldi kvennahreyfinguna. Það varð einnig til þess að sambúð kvenna var samfélagslega samþykkt, því það þótti hagkvæmt fyrir konur að búa saman og styðja hver aðra. Í sumum tilfellum má segja að slík sambúð hafi komið í staðinn fyrir hjónaband (sjá einnig **6. kafla: Þéttbýli**).

Ingibjörg H. Bjarnason var mikil kvenréttindakona, fyrsta konan sem sat á Alþingi og skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík. Í skjalasafni hennar eru bréf frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur (sem kölluð var Ingibjörg Brands), sund- og leikfímikennara, sem lýsa heitum tilfinningum hennar í garð Ingibjargar Bjarnason. Um þau má lesa í **8. kafla: Tilfinningar milli kvenna**. Ingibjörg Brands átti fleiri nánar vinkonur, til dæmis Elínu Matthíasdóttur og Sigríði Björnsdóttur, og hún bjó með þeim báðum um tíma. Bréf sem lýsa innilegri vináttu þeirra er til dæmis að finna í skjalasafni Sigríðar. Þessar þrjár konur tóku allar þátt í að stofna Kvenréttindafélag Íslands árið 1907, sem barðist fyrir jöfnum pólitískum réttindum karla og kvenna.

Vitað er um að minnsta kosti tvær aðrar konur sem tengdust kvennahreyfingunni og áttu í langtíma-samböndum við aðrar konur. Það eru annars vegar Guðrún Jónasson og hins vegar Ingibjörg Ólafsson. Ingibjörg var framkvæmdastjóri Kristilegs félags ungra kvenna, KFUK, í Reykjavík og Danmörku

snemma á 20. öld. Hún bjó svo með sænsk-býsönsku prinsessunni Despinu Karadja á Suður-Englandi í marga áratugi. Guðrún Jónasson, verslunarkona og stjórnálamaður, bjó með Gunnþórunni Halldórsdóttur leikkonu í Reykjavík um áratuga skeið á fyrri hluta 20. aldar. Þær voru þekktar konur í Reykjavík og ráku saman vefnaðarvöruverslun. Þær ólu einnig saman upp barn. Guðrún var mjög virk í starfi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, varð bæjarfulltrúi fyrir flokkinn árið 1928 og átti stóran þátt í stofnun Sjálfstæðiskvenfélagsins Hvatar árið 1937.

Samböndin sem hér hefur verið fjallað um voru ekki leyndarmál á sínum tíma og sambúð kvenna þótti ekki skrýtin í upphafi 20. aldar. Því er athyglisvert að lítið hefur verið fjallað um þessa hlið kvannahreyfingarinnar í greinum og bókum. Um sambönd kvennanna virðist ríkja þögn og stundum er líka greinilegt að gögn hafa verið látin hverfa, til dæmis bréf sem gætu sýnt okkur hvað konurnar voru að hugsa og hvaða tilfinningar þær báru hver til annarrar. Um þetta má lesa í **10. kafla: Þögn og eyður**.

Ein af ástæðunum getur verið að þótt sambúð og nán vinátta kvenna hafi verið samþykkt í kringum aldamótin 1900 hafi hún þótt meira feimnismál seinna, til dæmis um og eftir miðja 20. öld. Þá var fólk orðið meðvitaðra um að samkynhneigð væri til og nán kynni tveggja kvenna eða karla voru oft talin ósiðleg og afbrigðileg (sjá **9. kafla: Lesbíur eða kynvillingar**). Þess vegna getur verið að fólk hafi ekki viljað segja frá því að konurnar hafi verið nánar vinkonur – af ótta við að sverta mannorð þeirra og orðspor kvannahreyfingarinnar.



Hvernig hugsaði fólk í gamla daga?

Á fyrstu áratugum 20. aldar voru orðin *samkynhneigð* og *lesbía* sjaldan eða aldrei notuð. Fólk var almennt ekki flokkað sem gagnkynhneigt eða samkynhneigt, sískynja eða trans. Ástæðan var ekki endilega fordómar heldur hugsaði fólk öðruvísi um sambönd, vináttu, kyn, kynlíf og kynverund en í dag. Þetta er eitt af því sem við þurfum að hugsa um þegar við skyggnumst aftur í tímann og reynum að átta okkur á hinsegin fólki í fortíðinni. Við verðum að reyna að skilja hvernig fólk hugsaði um kyn og kynverund en ekki gera ráð fyrir að það hafi hugsað eins og við. Við vitum til dæmis ekki hvort konurnar í kvannahreyfingunni hafi átt í kynferðislegum samböndum eða hvernig þær skilgreindu vináttu sína – en við getum velt því fyrir okkur.

Verkefni



- » Voru konurnar í kvannahreyfingunni við upphaf 20. aldar hinsegin? Af hverju / af hverju ekki? Munið að merking orðsins *hinsegin* er háð samhengi – hvað fólki þótti hefðbundið og óhefðbundið á hverjum tíma (sjá **1. kafla: Inngangur: Huldukonur í sögunni**). Voru þær hinsegin í nútímaskilningi? Eða samkvæmt viðmiðum við upphaf 20. aldar?
- » Setjið ykkur í spor tveggja kvenna á fyrri hluta 20. aldar sem kynntust í kvannahreyfingunni og hafa búið saman í mörg ár. Ímyndið ykkur hvernig þær hafa hugsað hvor um aðra. Skriðið t.d. dagbókarfærslu eða sendibréf milli þeirra.